


LISTIR



„Þær voru að fara út að dansa þegar ég kom.“ Mynd frá Viitasaari í Finnlandi.



„Í birtunni leit hún út eins og nunna þótt hún væri að njóta næturlífins.“ Mynd frá Baskalandi.

Frásögn ljósmyndarans

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur / Hafnarhús

RAX RINNEKANGAS LJÓSMYNDIR

Sýningin er opin frá 10 til 18 og stendur til 23. ágúst.

RAX Rinnekeangas er fjölhæfur listamaður og eftir hann liggja ekki aðeins átta ljósmyndabækur heldur einnig kvikmyndir, greinasöfn, ljóðabækur, smásögur og skáldsögur. Myndirnar sem hann sýnir nú í Listasafni Reykjavíkur eru hluti af afar metnaðarfullu verkefni sem einnig hefur verið gefið út í stórri ljósmyndabók í folio-broti. Yfirskriftin er „Spiritus europæus“ eða hinn evrópski andi og myndirnar eru teknar hér og þar í Evrópu, frá Rússlandi suður til Spánar og meira að segja er hér að finna myndir frá Íslandi, til dæmis mynd af þeim Huldu Hákon og Jóni Óskari fyrir framan málverk eftir Jón. Í þessum myndum reynir Rax að fanga kjarna hins evrópska, ekki glansyfirborðið sem fréttatilkynningar frá Brussell sýna okkur eða einhverja hugmyndafræði um hina sönnu Evrópu heldur andann eins og hann birtist í fólki, borgarlífi og landslagi. Fjölbreytileiki hins hversdagslega virðist vera Rax efst í huga og myndir hans eru ávallt yfirlætislausar og kyrrlátar. Mannamyndirnar eru uppstilltar, þó án nokkurs tildurs, og vandlega undirbúnar, lýstar og hugsaðar út frá byggingu og litbrigðum.

Jafnvel götummyndir virðast vera unnar eins og um stúdíóverk væri að ræða.

Þessi vandvirkni og rólega nálgun

skilar sér í kyrrlátri yfirvegum, ekki síst í mannamyndunum þar sem fólkið stendur rólegt og kyrrt og horfir gjarnan beint í myndavélina. Svipbrigðin eru látlaus og yfir andlitunum er einhver eilífðarró hvort sem við sjáum gamla menn í baskalandi halla sér fram á stafi sína eða stúlkur í Finnlandi þrúðbúnar á leið á ball. Þessi andlit virðast horfa eitthvað dýpra inn í veruleikann en gengur og gerist.

Alla vega er eins og þau sjái í gegnum glansmyndina og skynji veröld sem á sér dýpri rætur og lengri sögu, eitthvað sem stendur af sér breytingar og stríð og verður ekki kæft hvernig sem hugmyndafræðingar, braskarar og stríðsherrar hamast. Líkast til er það einmitt hér sem Rax greinir hinn evrópska anda, í þessari þolinmóðu samsömun við hversdagsleikann.

Bak við hverja mynd er örstutt saga eða hugdatta sem Rax skráir í bók sína.

Þannig hefur hann orð á því við myndina af Jóni Óskari og Huldu að „hjonaband þeirra er eins og heimaland þeirra“ og um gömlu baskana segir hann að „í hjarta mæðrasamfélagsins sé hópur af körlum“. Þessir stuttu textar veita okkur innsyn í ferðalag Rax og leit hans að hjarta Evrópu. Á ferðum sínum er hann sífellt að leita eftir svipmyndum sem fanga það hversdagslega stolt sem hann sækist eftir eða hið undursamlega augnablik í náttúrunni eða borginni. Óvænta samsetningu myndhluta sem þó mynda heild og segja okkur eitthvað nýtt um veröldina og okkur. Þannig verður þessi ferðasaga í myndum að eins konar frásögn sem er leit ljósmyndarans og skáldsins að sínum eigin veruleika og sinni eigin sögu.

Jón Proppé



Ein af myndunum á sýningunni í Gallerí Man.

Ljósmynd/Halldór B. Runólfsson

Veröld sem var

MYNDLIST

Gallerí Man, Skólavörðustíg 14

LEIRLIST & BLÖNDUÐ TÆKNI

Margrét Kjartansdóttir & Sigurborg Jóhannsdóttir. Til 29. ágúst. Opíð á verslunartíma.

SAMSÝNING þeirra Margrétar Kjartansdóttur og Sigurborgar Jóhannsdóttur á sér litlar forsendur aðrar en praktískar, eftir því sem best verður séð. Margrét sýnir raðir af einföldum keramikvösum sem eru frjálsslega mótaðir úr flöttum leir og þaktir glerjungu. Þetta eru lífrænir

og líflegir vasar en helsti staðlaðir, því ef það væri ekki fyrir mismunandi hæð væru þeir allir eins. Það er spurning hvort hæðarmunurinn nægir til að vega upp einsleitni þeirra; hvort Margrét hefði ekki gert betur að sýna fjölbreyttari ítem.

Verk Sigurborgar eru mun snúnari og því snöggum athyglisverðari út frá fagurfræðilegu sjónarmiði. Það er nefnilega ekki alls kostar á hreinu hvað listakonan ætlar sér með verkum sínum. Ef þau eru eingöngu minni úr æsku eins og Sigurborg lætur í veðri vaka í meðfylgjandi tvíblöðungi er hætt við að þau verði saknaðarsætsúpunni að bráð, svona rétt eins og Húsið á sléttunni.

En þar sem Sigurborg býr yfir prýðilegri tækni og leitar fanga í

jafnmerkilegu forðabúri og Baby Dear – viktorianskri myndaspilabók fyrir dagskólalabörn – og millistríðs-árgöngum hins sigilda danska vikurits Familie Journal – Bamse og Dukke Lise – er engu líkara en hún búi yfir meðvituðum grun um takmörk þess barnalega saknaðaróðs sem hún bregður upp á veggjum sýningarsalarins. Í þeim óljósa vendipunkti sem liggur á mörkum smekkleysu og smekkleysu sem verðugra aðfanga – og vitnisburðar um veröld sem var – hefur Sigurborg kosið að staðsetja sig. Það verður gaman að sjá hvorum megin hún fellur þegar hún fer að hreyfa sig næst.

Halldór Björn Runólfsson



Sigurros Stefánsdóttir

Ágústkvöld í Lónkoti

SIGURRÓS Stefánsdóttir hefur opnað sýningu í Gallerí Sölva Helgasonar í Lónkoti í Skagafirði. Sýningin stendur til 31. ágúst.

Grófarhús

Tryggvagötu 15
101 Reykjavík

opíð 15-22

Menningarnótt í Borgarbókasafni

Laugardaginn 19. ágúst gefst almenningi kostur á að skoða nýtt aðalsafn Borgarbókasafns í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

Kynning á tillögum að deiliskipulagi miðborgarinnar kl. 15 og 20

Magga Stína og hr.ingi.r spila kl. 18 og 19

Sindri Freysson og Vilborg Dagbjartsdóttir lesa í barnadeildinni kl. 19:30.

Athugið að safnefni verður ekki lánað út.

Starfsemi aðalsafns hefst innan skamms og verður það auglýst síðar.

B
BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR

Fantasiur og landslag í Múlalundi

VALGARD Jörgensen sýnir nú í kaffistofu Múlalundar, Hátúni 10c. Myndirnar eru sextán að tölu og allar til sölu. „Þær eru af ýmsum gerðum, bæði fantasíur og landslag,“ segir Valgard.

„Flestallar eru myndirnar gerðar með olíupastel á flauelspappír, hann er hálfloðinn og það gerir það að verkum að myndirnar eru mikið lifandi. Ein þeirra, sem ég kalla Nafla veraldar, er þó gerð á pastelpappír með kítarpastel,“ heldur hann áfram.

Þetta er fjórða sýning Valgards en áður hefur hann sýnt tvisvar á



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Valgard Jörgensen og nokkur verkanna í kaffistofu Múlalundar.

Vopnafirði, í fyrsta sinn árið 1966, og einu sinni á Blönduósi. Sýninguna í Múlalundi segir hann vera forsmekk að stærri sýningu sem hann hyggst halda í Reykjavík næsta haust.

Myndlistina hefur hann verið að fást við í frístundum allt frá barnsaldri en er annars lærður húsamálari

og hefur starfað við þá iðn. „Ég lærði svolítið úti í Danmörku í kirkju-skreytingum og málverkaviðgerðum en annars er ég að mestu leyti sjálfmenntaður í myndlistinni,“ segir hann. Sýningin í Múlalundi stendur til föstudagsins 25. ágúst nk. og er opin kl. 8-16.30 virka daga.

